

# Gjaldskrá Landskerfis bókasafna hf. 2010

## 1. gr. Mánaðarlegt þjónustugjald

- a) Sveitarfélög greiða gjald sem miðast við íbúafjölda og gildir það fyrir öll bókasöfn á vegum þess sveitarfélags. Gjald fyrir hvern íbúa er kr. 14,571.
- b) Háskólasöfn greiða gjald sem miðast við nemendafjölda og fjölda akademískra starfsmanna stofnunarinnar. Í útreikningum hefur fjöldi nemenda einfalt vægi en fjöldi akademískra starfsmanna þrefalt vægi. Einingarverð er kr. 101,278.
- c) Framhaldsskólasöfn greiða eftir fjölda nemenda. Gjald fyrir hvern nemenda er kr. 33,41.
- d) Önnur söfn greiða hlutfall af grunngjaldi sem er kr. 33.404
- lítil söfn á vegum félagasamtaka grunnjald x 0,25
  - söfn með færri eintök en 5000 grunnjald x 0,5
  - söfn með færri eintök en 20.000 grunnjald x 1
  - söfn með fleiri eintök en 20.000 en færri en 40.000 grunnjald x 1,5
  - söfn með fleiri eintök en 40.000 en færri en 60.000 grunnjald x 2,0
  - fyrir hver 20.000 eintök til viðbótar skal margfalda grunnjald með stuðlinum 0,5 til viðbótar.

Við ofangreind verð bætist virðisaukaskattur 25,5%. Opinberar stofnanir eiga rétt til endurgreiðslu á fjórum fimmtu virðisaukaskattsins (sjá nánar úrskurð yfirséðanefndar um málið á [vef nefndarinnar](#)).

Þjónustugjaldið er endurreiknað á þriggja ára fresti miðað við breyttan fjölda eininga eða íbúafjölda.

## 2. Aukaverk

Fyrir aukaverk, þar með talda símaþjónustu, skal, nema kveðið sé á um annað í gjaldskrá eða samningi, greitt tímagjald kr. 11.378 auk 25,5% virðisaukaskatts.

Gjald fyrir þátttöku í skráningarnámskeiði (umfram eitt gjaldfrjálst sæti fyrir ný aðildarsöfn) er kr. 26.772 auk 25,5% virðisaukaskatts.

## 3. gr. Verðhækkanir

Öll verð samkvæmt gjaldskrá þessari hækka miðað við vísitölu neysluverðs með grunnvísitölu í nóvember 2009 sem er 356,2.